

# Hlutverk stjórna og tilgangur undirnefnda

## Morgunverðarfundur Deloitte

29. nóvember 2012



Dr. Þórunna Jónsdóttir - Háskólinn í Reykjavík

# Stjórnarhættir

*e. Corporate Governance*

"the system by which companies are directed and controlled"





# STJÓRNARHÆTTIR FYRIRTÆKJA

*Comply or explain  
Fylgja eða skýra*



LEIÐBEININGAR

4. ÚTGÁFA

## 2 Stjórn

### 2.1 Meginhlutverk og skyldur stjórnar

Stjórn félags ber meginábyrgð á rekstri félagsins þar sem hún fer með æðsta vald þess á milli hluthafafunda.

#### Meginhlutverk stjórnar eru eftirfarandi:


- > Að stuðla að viðgangi félagsins og árangri til lengri tíma litið og hafa yfirumsjón með rekstrinum í heild og eftirlit með stjórnendum.
- > Að sjá um að hagsmuna allra hluthafa sé ávallt gætt, enda eiga stjórnarmenn ekki sérstaklega að gæta hagsmuna þeirra aðila sem studdu þá til stjórnarsetu.
  - » Stjórnin skal koma jafnt fram við alla hluthafa í sama hlutflokki.
  - » Þegar ákvarðanir stjórnar geta haft mismunandi áhrif á mismunandi hópa hluthafa skal stjórnin leitast við að tryggja að jafnræðis sé gætt.
- > Að hafa forystu, ásamt framkvæmdastjóra<sup>1</sup>, um að móta stefnu, setja markmið og áhættuviðmið félagsins bæði til skemmri og lengri tíma.
  - » Markmiðasetning félagsins ætti a.m.k. að taka til starfsemi þess, fjárhagsupplýsinga, samfélagslegs hlutverks og eftirfylgni við lög og reglur.
  - » Stjórn skal gæta þess að í ákvörðunum sínum sé tekið tillit til viðtækra hagsmuna, s.s. starfsmanna, birgja og samfélagsins, sem geta haft áhrif á langtímaárangur félagsins.
- > Að bera endanlega ábyrgð á starfsemi og rekstri félagsins. Til þess að axla þá ábyrgð þarf stjórnin að hafa yfirsýn yfir starfseminu og veita stjórnendum eðlilegt aðhald.
  - » Stjórnin skal tryggja skýra skilgreiningu og skiptingu ábyrgðar á rekstri, framfylgni stefnu og markmiðum félagsins innan allra eininga þess.
  - » Stjórn skal koma á virku kerfi innra eftirlits. Í því felst m.a. að fyrirkomulag innra eftirlits sé formlegt, skjalfest og að virkni þess sé sannreynd reglulega.
  - » Stjórnin skal leggja mat á frammistöðu stjórnenda félagsins og hvernig stefnumótun þess er hrint í framkvæmd.
  - » Stjórnin skal hafa eftirlit með og meta skilvirkni undirnefnda stjórna.

## Lög um hlutafélög 2/1995

Félagisstjórn fer með málefni félagsins og skal annast um að **skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi**. Félagisstjórn og framkvæmdastjóri fara með stjórn félagsins

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagisstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar.







*stjórnarformaður*

# Undirnefndir – gera þær gagn?

## A.1 Endurskoðunarnefnd

Við einingu tengda almannahagsmunum skal starfa endurskoðunarnefnd,<sup>1</sup> en annars er æskilegt að endurskoðunarnefnd sé skipuð ef umfang félagsins er slíkt að telja megi mikilvægt að eftirlit og skýrslur um fjárhag fái nánari umfjöllun og greiningu í smærri hópi heldur en hjá stjórninni allri.

## B.1 Starfskjaranefnd

Stjórn getur skipað sérstaka starfskjaranefnd til að setja félaginu starfskjarastefnu og semja við framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn, eigi þeir sæti í stjórn, um laun og önnur starfskjör.<sup>4</sup>

## C.1 Tilnefningarnefnd

Stjórn félagsins getur ákveðið að skipuð verði sérstök tilnefningarnefnd til að auka skilvirkni og gagnsæi í málefnum er varða tilnefningu stjórnarmanna.



## Hversvegna undirnefndir?

Til þess að geta fjallað um

Endurskoðun og fjárreiður  
Starfskjör  
Tilnefningu nýrra stjórnarmanna

...þarf

Óhæði og óhlutdrægni  
Nægilega þekkingu  
Fókus

**Vandi:** Fjölmennar stjórnir skipaðar  
bæði utanaðkomandi aðilum sem og  
stjórnendum fyrirtækis – sbr. US / UK



## Endurskoðunarnefnd

Samkvæmt lögum um ársreikninga 3/2006 skal endurskoðunarnefnd starfa við einingu tengda almannahagsmunum.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda og meirihluti nefndar óháður einingunni

Verksvið

Eftirlit með **vinnuferli** við gerð reikningsskila

Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni **innra eftirlits**

Eftirlit með **endurskoðun ársreiknings**

**Mat á óhæði** endurskoðanda

**Val** á endurskoðanda



## Hvenær eru menn óháðir?

### 2.4 Óháðir stjórnarmenn

Meirihluti stjórnarmanna skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Að minnsta kosti tveir<sup>6</sup> stjórnarmenn skulu jafnframt vera óháðir stórum hluthöfum félagsins.<sup>6</sup>

### 2.5 Mat á óhæði stjórnarmanna

Stjórnin sjálf metur hvort stjórnarmaður sé óháður gagnvart félaginu og/eða stórum hluthöfum þess, nema tilnefningarnefnd hafi verið falið það hlutverk. Stjórn félagsins skal jafnframt meta óhæði nýrra stjórnarmanna fyrir aðalfund félagsins og gera niðurstöðu sína aðgengilega hluthöfum.<sup>7</sup>

Óhæði endurskoðenda (sbr. 79/2008)

*„óháð viðskiptavini sínum, bæði í reynd og ásýnd“*

Gerir stjórnarsetan sem slík menn háða fyrirtækinu?

Getur endurskoðandi í raun verið óháður viðskiptavini?

**Á endurskoðunarnefnd að vera óháð stjórn?**



*Frekari umræður*

NASD



[IX. kafli A. Endurskoðunarnefnd.]

[108. gr. a. Við einingu tengda almannahagsmunum skal starfa endurskoðunarnefnd.

Stjórn einingar ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar. Hún skal skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum einingarinnar og meiri hluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður einingunni. Framkvæmdastjóri viðkomandi einingar skal ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.]

[108. gr. b. Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.]

[108. gr. c. Í einingum tengdum almannahagsmunum skal tillaga stjórnar um tilnefningu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis byggjast á tilmælum frá endurskoðunarnefndinni.]

[108. gr. d. Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki skal árlega gera endurskoðunarnefnd grein fyrir störfum sínum og óhæði og skila skriflegri skýrslu um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina. Í skýrslunni skal sérstaklega geta um veikleika í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.]

[L. 80/2008. 2. gr.]

